

# STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 1999

---

Nr. 286

810

3. maí 1999

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

#### *Landspítalalóð.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 13. apríl 1999 samþykkt breytingu skv. 2. mgr. 26. gr. l. nr. 73/1997 á deiliskipulagi Landspítalalóðar frá 26. janúar 1976 á byggingarreit merktum X, þar sem reisa á barnadeild spítalans.

Greinargerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Borgartún 33.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 13. apríl 1999 samþykkt breytingu skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 á deiliskipulagi reits sem markast af Kringlumýrarbraut, Borgartúni, Höfðatúni og Sæbraut frá 19. október 1993. Breytingin varðar lóðina Borgartún 33, sem skiptist í þrjár einingar, tilfærsla verður á byggingarreitum og aðkoma að lóðinni breytist.

Greinargerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Norður Mjódd, deiliskipulag.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 15. apríl 1999 samþykkt deiliskipulag reits sem markast af Stekkjarbakka, Álfabakka og Reykjanessbraut. Afmarkaðar eru lóðir fyrir verslun, þjónustu og gróðrarstöð og svæði fyrir framtíðargatnakerfi.

Uppdráttur og greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Reykjavík, 3. maí 1999.*

**Þorvaldur S. Þorvaldsson** skipulagsstjóri.